

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 381/2019 um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Eftirtaldar reglugerðir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins skulu gilda hér á landi með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2021 frá 19. mars 2021 sem birt er sem fylgiskjal 1 með reglugerð þessari:

- a. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/236 frá 21. desember 2020 um breytingu á tæknilegum stöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2016/2251 að því er varðar tímasetninguna þegar tilteknar verklagsreglur um áhættustýringu taka gildi að því er varðar skipti á tryggingum, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 34/2022 frá 25. maí 2022, bls. 13-17.
- b. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/237 frá 21. desember 2020 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldum reglugerðum (ESB) 2015/2205, (ESB) 2016/592 og (ESB) 2016/1178 að því er varðar daginn þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi fyrir tilteknar gerðir samninga. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 34/2022 frá 25. maí 2022, bls. 18-21.

2. gr.

Við reglugerðina bætist fylgiskjal sem er birt með reglugerð þessari.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 15. gr. laga nr. 15/2018, um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár, og öðlast þegar gildi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 10. júní 2022.

F. h. r.

Guðrún Porleifsdóttir.

Guðmundur Kári Kárason.

Fylgiskjal 1.**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 117/2021**

frá 19. mars 2021

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/236 frá 21. desember 2020 um breytingu á tæknilegum stöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2016/2251 að því er varðar tímasetninguna þegar tilteknar verklagsreglur um áhættustýringu taka gildi að því er varðar skipti á tryggingum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/237 frá 21. desember 2020 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldrum reglugerðum (ESB) 2015/2205, (ESB) 2016/592 og (ESB) 2016/1178 að því er varðar daginn þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi fyrir tilteknar gerðir samninga ⁽²⁾.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Viðauka IX við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Lið 31bcp (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/2205) er breytt sem hér segir:
 - i) eftirfarandi undirlið er bætt við:

„– **32021 R 0237**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/237 frá 21. desember 2020 (Stjtið. ESB L 56, 17.2.2021, bls. 6).“
 - ii) Í stað liðar iii) í aðlögunartexta b) kemur eftirfarandi:

„að því er varðar EFTA-ríkin hljóðar texti b-liðar fyrstu undirgreinar 2. mgr. sem hér segir:
„þann dag sem er sá síðari af eftirfarandi dagsetningum ef ákvörðun um jafngildi, samþykkt í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem gildir um OTC-afleiðusamninga sem vísað er til í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðkomandi þriðja land, gildir á EES-svæðinu:
i) 60 dögum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem felur í sér ákvörðunina sem samþykkt er í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem gildir um OTC-afleiðusamninga sem vísað er til í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðkomandi þriðja land,
ii) þann dag þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi skv. 1. mgr.““
 - iii) Aðlögunartexti c) fellur brott.
2. Lið 31bcq (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/592) er breytt sem hér segir:
 - i) eftirfarandi undirlið er bætt við:

„– **32021 R 0237**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/237 frá 21. desember 2020 (Stjtið. ESB L 56, 17.2.2021, bls. 6).“
 - ii) Í stað liðar iii) í aðlögunartexta b) kemur eftirfarandi:

„að því er varðar EFTA-ríkin hljóðar texti b-liðar fyrstu undirgreinar 2. mgr. sem hér segir:
„þann dag sem er sá síðari af eftirfarandi dagsetningum ef ákvörðun um jafngildi, samþykkt í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem gildir um OTC-afleiðusamninga sem vísað er til í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðkomandi þriðja land, gildir á EES-svæðinu:
i) 60 dögum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem felur í sér ákvörðunina sem samþykkt er í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 56, 17.2.2021, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. ESB L 56, 17.2.2021, bls. 6.

þeirrar reglugerðar sem gildir um OTC-afleiðusamninga sem vísað er til í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðkomandi þriðja land,

- ii) þann dag þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi skv. 1. mgr.““
 - iii) Aðlögunartexti c) fellur brott.
3. Lið 31bcr (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/1178) er breytt sem hér segir:
- i) eftirfarandi undirlið er bætt við:

„– **32021 R 0237**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/237 frá 21. desember 2020 (Stjtið. ESB L 56, 17.2.2021, bls. 6).“
 - ii) Í stað liðar iii) í aðlögunartexta b) kemur eftirfarandi:

„að því er varðar EFTA-ríkin hljóðar texti b-liðar fyrstu undirgreinar 2. mgr. sem hér segir:

„þann dag sem er sá síðari af eftirfarandi dagsetningum ef ákvörðun um jafngildi, samþykkt í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem gildir um OTC-afleiðusamninga sem vísað er til í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðkomandi þriðja land, gildir á EES-svæðinu:

 - i) 60 dögum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem felur í sér ákvörðunina sem samþykkt er í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem gildir um OTC-afleiðusamninga sem vísað er til í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðkomandi þriðja land,
 - ii) þann dag þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi skv. 1. mgr.““
 - iii) Aðlögunartexti c) fellur brott.
4. Lið 31bcs (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/2251) er breytt sem hér segir:
- i) eftirfarandi undirlið er bætt við:

„– **32021 R 0236**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/236 frá 21. desember 2020 (Stjtið. ESB L 56, 17.2.2021, bls. 1).“
 - ii) Í stað aðlögunartexta a) kemur eftirfarandi:

„Í 35. gr., að því er varðar EFTA-ríkin:

 - (i) „16. ágúst 2012“ orðist „1. júlí 2017“,
 - (ii) „18. febrúar 2021“ orðist „á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2021 frá 19. mars 2021““

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2021/236 og (ESB) 2021/237, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 20. mars 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 19. mars 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.